

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

39. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2017, miðvikudaginn 12. apríl. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott boðaði forföll, Salvar Baldursson sat fundinn í hans stað, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Sveitarstjóri bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 7. fundar umhverfis og samgöngunefndar frá 20. mars.
2. Gjöf til Færeyja.
3. Fundargerð stjórnar sambands ísl. Sveitarfélaga nr. 848
4. Fundargerð stjórnar Hafnarsambandsins nr. 393
5. Fundargerð stjórnar FV frá 23. mars.

1. Allir liðir samþykktir samhljóða.
2. Teikningar og afstöðumyndir af listaverkinu lagðar fram. Verkið verður afhent í Þórshöfn 9. maí.

Listamaðurinn er Jón Sigurpálsson, myndlistamaður.

Listaverkið er gjöf Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar til færeysku þjóðarinnar til þakklætis og minningar um það kærleiksverk sem færeyska þjóðin sýndi sveitarfélögunum, þegar hún safnaði fyrir nýjum leikskóla í Súðavík og á Flateyri, eftir snjóflóðahamfarirnar árið 1995.

Kostnaður Súðavíkurhrepps vegna verkefnisins er 2 milljónir króna, helmingur á móti Ísafjarðarbæ. Sveitarstjóra er falið að útbúa viðauka í fjárhagsáætlun fyrir kostnaðinum. Samþykkt samhljóða.

Ljóst er að kostnaður sveitarfélagsins vegur lítið á móti kostnaði og kærleik færeysku þjóðarinnar, sem gaf af skorti sínum í erfiðu árferði árið 1995. Í dag eru 15 börn í leikskólanum í Súðavík. Hvert og eitt þeirra er birtingarmynd gjafarinnar frá Færeyjum, ómetanlegt.

Það er von og vilji Súðavíkurrepps að listaverkið verði tákmynd fyrir einlægan þakkarhug íbúa Súðavíkurrepps til Færeyinga, það vinarþel sem Færeyingar eiga í íbúum sveitarfélagsins og það atfylgi, þann kraft og samverknað sem þeir í eiga í einu sveitarfélagi á Vestfjörðum.

3. Lagt fram.
4. Lagt fram.
5. Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:15

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Salvar Baldursson

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

